
Breytileg lífssýn



Toshikatshu Endo: Gosbrunnur – verk í níu hlutum; Tré ,tjara og eldur, 1989. Á veggnum eru myndir eftir Mika Yositzawa.

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er senn liðin hálf önnur öld síðan japönsk áhrif ruddu sér rúms í vestrænni myndlist og auðguðu hana til muna.

Einkum voru það impressjónistarnir, sem hrifust af hinni einföldu, lit- og línufögru list austursins, en skyldra áhrifa sá fljótlega einnig stað í listiðnaði.

Hinn nýji efnaiðnaður sem kom í kjölfar iðnbyltingarinnar gerði myndlistarmönnum skyndilega kleift að nota sterka liti í miklu ríkara mæli en áður. Öldum saman höfðu sumir hinna sterkari lita verið svo dýrir í vinnslu, að málarar urðu að nálgast þá með ítrustu varúð og þannig séð þá á frumstæður efnaiðnaður ríkan þátt í dökka málverkinu, sem ríkt hafði fram til þessa.

Það voru þannig ekki listamennirnir sjálfir, svo sem margur heldur, sem skyndilega komu auga á sterku litina í litrófinu, heldur fengu þeir allt í einu gnótt litbrigða upp í hendurnar, sem flestum þeirra hafði áður verið fyrirmunað að nálgast.

Á svipuðum tíma uppgötvuðu þeir japönsku listina með sínum mjúka margslungna línuheimi, einföldu blæbrigðaríku litasamspili, eða sterku andstæðum.

Hefðbundnir japanskir verkhættir þar sem sundmagalím var notað í litarefnið voru aðrir, og vafalítið var mun auðveldara að nálgast það, en hin kostnaðarsömu efni vesturins.

Það voru þannig ýmsir þættir verkhátta sem runnu saman á þessum árum og seinna ruddi hin efnafræðilega olíumálun vestursins sér til rúms í Japan og var iðkuð samhliða gömlu aðferðinni.

Þetta er enn einn vitnisburður þess, hve myndlistarmenn hafa verið háðir breytilegum verkháttum ásamt þróun efnaiðnaðarins, svo og hvernig ný efni hafa víkkað út skynsvið þeirra.

Þetta er vert að athuga við skoðun sýningarinnar Japönsk nútímalist. Óskilgreind viðhorf/breytileg lífssýn, sem um þessar mundir og fram til 25. gistir Kjarvalsstaði.

Hvert sem við lítum blasa við rannsóknir og tilraunir í ólíkum efnum og aðskiljanlegum verkháttum.

Í upphafi á maður bágt með að átta sig á myndverkunum því að maður skynjar svo sterk vestræn áhrif í þeim, en um leið og einkum við endurteknar heimsóknir, uppgötvum við eitthvað framandi við þessi myndverk. Ekk alltaf svo mjög austurlenskt svo sem við þekkjum það, meðtökum og skynjum, en þó dálítið frábrugðið því sem við eigum að venjast.

Seinna bætist það við að menn uppgötva óhjákvæmilega, að hugsunarháttur jappönsku listamannanna og framsetning hugmynda þeirra, er iðulega mun frábrugðnari því sem gerist í vestrinu en hin beina sjónræna reynsla.

Japönsk lífssýn og menning er mun eldri og rótgrónari og stendur á sterkari hefðum en vestræn á liðnum öldum var mjög hægt þótt naumast sé hægt að tala um stöðnun. Mannfjöldinn í austrinu gerði það að verkum að hóphyggjan var þar mun meiri og um leið var framþróunin hægari. Einstaklingshyggjan í vestrænni heimspeki knúði menn til athafna og uppstokkunar gilda á margfalt skemmri tíma en í austrinu.

En á síðari tímum hefur markaðshyggjan tekið völdin í Japan svo sem víðar í austrinu og þjóðfélagið hefur tekið miklum stakkaskiptum á undraskömmum tíma. Japanir hafa tileinkað sér vestræna lífshætti og þróunin þar hefur síðustu áratugi verið mjög keimlík og í vestrinu með hraða firringu og ágengari í náttúruauðlindir.

Það gerir um leið það að verkum, að menn standa augliti til auglitis við mun skyldara ástand en ríkti áður fyrr, sem hefur óhjákvæmlega í för með sér að myndlistarmenn ólíkra þjóðarheilda velta fyrir sér svipuðum vandamálum.

Þetta hefur svo haft í för með sér, að þjóðirnar leggja mikið áherslu á aukna samvinnu í listum um leið og þær leitast við að glæða og efla eigin ímynd hver fyrir sig. Lítum einungis á samkeppnina á milli hinna leiðandi þjóða í myndlist og hvernig þær lyfta undir listsköpun innanlands.

Hér er þannig í senn komin aukin samvinna á alþjóðavettvangi og harðnandi innbyrðis samkeppni. Enginn vill vera eftirbátur annars né drukkna í menningu bræðralandanna.

Vegna hinnar geigvænlegu mengunarhættu í heiminum hefur afturhvarfið til óspilltrar náttúrunnar stöðugt orðið ríkara meðal listamanna. Ekki þó þannig að menn séu að kortleggja útlínur landslagsins svo sem fyrrum, heldur taka þeir fyrir sjálf fyrirbæri náttúrunnar og þau hughrif sem fersk og óspillt náttúran framkallar. Jafnframt beina þeir skeytum sínum að eyðingu hennar og vilja minna umheiminn á ljótleika þeirra athafna.

Myndlistarmenn nútímans eru þannig komnir í vörn fyrir hönd náttúrnnar, eru orðnir helstu bandamenn heilbrigðra náttúruverndarsjónarmiða og segja hér frá eins og þeim einum er lagið.

Á þessari sýningu virtist neysluþjóðfélagið á skýran hátt, hraðinn, vaxtarmátturinn eyðingin, bruninn en einnig fegurð í þessum þáttum form- og litræn samsetning og mjúkar línur, sem bera uppruna listamannanna vitni.


„Hvernig Japanir hafa aðlagast vestrænum hugsunarhætti í listum kom greinilega fram á sýningunni „Japönsk framúrstefna 1910-1970“ í Pompidou menningarmiðstöðinni í París árið 1986. Var í því tilefni gefin út vegleg sýningarskrá upp á tvö og hálft kíló (!), sem ég hef á milli handanna við þessa samantekt.

Myndirnar í skránni sýna það svo ekki verður um villst að ný stílbrigði voru furðufljót að hasla sér völl í Japan og hér kemur fram að Japönum hefur verið það ljóst, að þeir áttu sjálfir ekkert nútíma myndmál og að þeir yrðu bókstaflega að taka á sig heljarstökk frá fortíðinni inn í nútímann. hafna eldri gildum til hags fyrir hin nýju, ef allt þjóðfélagið vildi vera í takt við gjörbreytta heimsmynd og halda reisn sinni sem menningar- og forysturíki.

Þeim var einnig snemma ljós þau sannindi, að allar framfarir á tímum tæknivæðingar byggjast öðru fremur á hugviti og lífrænni sköpun og því verða þjóðfélögin að virkja listina vilji þau vera samtiga þróunni. En þrátt fyrir að eldri gildum væri hafnað, þá var langt frá því að þjóðareikennum væri varpað fyrir róða og þannig má sjá sterkar tilvísanir til fortíðarinnar jafnt í frjálsri óbundinni sköpun sem húsagerðarlist, listiðnaði og iðnhönnun. Það er heilmikil lífsreynsla, að fletta upp í þessari miklu sýningarskrá og hún kynnir ágætlega japanskt hugvit á öllum sviðum lífrænnar sköpunar, og staðfestir um leið svo ekki verður um villst, að grunnurinn að velmegnun Japans felst í þessari mörkuðu stefnu og heilbrigða hugsunarhætti.

Japanir eiga ágæta nútímalistamenn, sem vinna og starfa í vestrinu og er ég þeim vel kunnur frá sýningum í Evrópu. En hins vegar þekkir almenningur á Norðurlöndum lítið til þróunarinnar í Japan, og hefði verið æskilegt að þessi sýning hefði verið umfangsmeiri og borið meiri svip af almennri kynningu. Í þessu formi er hún t.d. prýðileg viðbót við sýninguna í París 1986, en hún kemur þeim í opna skjöldu sem sáu hana ekki og þekkja einungis til japanskrar listar úr mikilli fjarlægð. Sýningin er þannig fullgild fyrir innvígða, en sem slík ber hún óhjákvæmlega um leið fullmikinn keim af einhæfum listsögulegum vinnubrögðum. Þá er það til umhugsunar, að texti í annars ágætri sýningarskrá kynningarsýningar japanskra núlista síðustu ára, sem gengur á milli Norðurlandanna, skuli vera á ensku. Hefur svip af því, að hún sé meira ætluð fræðimönnum en áhugasömum almennum sýningargestum í þessum löndum.

En hvernig sem á allt er litið, er mikilsvert að fá sýninguna hingað, því hvort sem skoðandinn er með á nótunum eða ekki, gefst honum nokkur sýn inn á vettvang japanskra viðhorfa í núlistum. Og ber því að þakka framtakið.



Þeir byggja á stálinu okkar
– til framtíðar

SINDRI
-sterkur í verki

Áratuga reynsla okkar í stálinnflutningi og sérþekking á steypustáli fyrir íslenskar aðstæður skilar sér til byggingaraðila í hörkusterku stáli (opinber staðall ASTM A/615 Grade 60) sem endist til framtíðar.
Allur stállager innandyra. Sendum á staðinn (krani óþarfur). Hagstætt verð.
Fáið ráð hjá fagmönnum okkar og leitið tilboða.

BORGARTÚNI 31 · SÍMI: 62 72 22 · FAX: 62 30 24

HÉÐ & NÚ AUGLÝSINGASTOFA / SÍA